



Fundargerð stjórnarfundar nr. 23.

Fundur stjórnar Norðurár bs. haldinn á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar
sunnudaginn 15. mars 2010 kl:16:00

Á fundinn mættu stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson og Vignir
Kjartansson, en einnig sat fundinn Margeir Friðriksson sviðstjóri Stjórnsýslu og
fjármálasviðs hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Samningur við Flokkun Eyjafjörður ehf.
3. Rekstaryfirlit 2009 og umsókn um lán.
4. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð frá stjórnarfundum þann 8. desember lögð formlega fram og undirrituð.

2. Samningur við Flokkun Eyjafjörður ehf.

Farið yfir fyrirbyggjandi drög að samningi við Flokkun Eyjafjörður ehf., ásamt fyrirbyggjandi
rekstarlíkani en á síðustu vikum hefur verið unnið að lokafrágangi samningsins í samvinnu
við forsvarsmenn Flokkun Eyjafjörður ehf. Samningurinn samþykktur með fyrirvara um
samþykki eigenda Norðurá bs.

3. Rekstaryfirlit og lánsúmsókn


Margeir lagði fram drög að uppgjöri ársins 2009 og yfirlit um framlög sveitarfélaganna frá
2006-2009. Engar tekjur voru á árinu 2009 en samtals lögðu sveitarfélögin fram 18 milljónir
vegna stofnkostnaðar við urðunarstaðinn. Stærsti kostnaðarliðurinn er kaup á
verkfræðipjónustu og ráðgjöf en sá liður nam um tæpum 24 milljónum á árinu 2009.

Ákveðið að sá kostnaður sem sveitarfélögin hafa lagt út á árinu 2009 teljist til kostnaðar við
urðunarstaðinn og endurgreiðist því en framlögin frá 2006-2008 verði stofnframlag þeirra
eða samtals 12,6 milljónir.

Magnús lagði fram drög að lánsúmsókn til Lánasjóðs sveitarfélaga upp á 380 milljónir sem
samþykkt var að senda.

4. Önnur mál

- 1) Rætt við Gunnar Svavarsson hjá Eflu í síma um fyrirhuguð útboðsgögn vegna
urðunarhólfisins. Gerði Gunnar ráð fyrir að þau yrðu tilbúinn um miðjan apríl. Einnig



var rætt um fyrirhugað deiliskipulag af svæðinu en það er í lokavinnslu og verður tekið til skipulagsmeðferðar hjá Blönduósbæ næstu daga.

- 2) Rætt um aðkomuveg að fyrirhugðum urðunarstað og þátt Vegagerðarinnar í kostnaði við hann. Miðað við tímaáætlun og kostnað við vegaframkvæmdir er líklegast að Vegagerðin komi að lagfæringum á núverandi Efribýggðarvegi. Magnúsi falið að ræða nánar við Vegagerðina um útfærslu og framkvæmd.
- 3) Rætt um fyrirhugað aðstöðuhús, aðstöðu fyrir sorptroðara og vigt. Þau mál verða unnin áfram af stjórn.
- 4) Samþykkt að boða til aðalfundar 31. mars nk. þar sem auk aðalfundarstarfa verði fjallað um samning við Flokkun Eyjafjörður ehf. og verkframkvæmdir að Sölvabakka.

Fundi slitið kl. 18:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Vignir Kjartansson